



# Sumarnámskeið

Reykhólahrepps  
og u.m.f. Aftureldingar

13. ágúst 2025-  
21. ágúst 2025

Fyrir börn 6-12 ára  
(og fædd 2019)

[www.reykholar.is](http://www.reykholar.is)

# Dagskrá námskeiða:



13.-21. ágúst (6 dagar)

Reiðnámskeið

Náttúruuplifun fyrir alla

Sundnámskeið

Íþróttir og leikir

List og föndur

*Mæting er alla morgna í  
íþróttahúsið.*





# Sumarnámskeið Reykhólahrepps 2025

Sumarnámskeið Reykhólahrepps er fyrir börn á aldrinum  
**6–12 ára** og einnig börnum fæddum árið **2019**.

**Frá 13. til 21. ágúst** verður námskeiðið haldið frá kl. **9:00 til 14:00**  
(að undanskildum föstudögum og helgum).

**Gæsla eftir 14:** Boðið verður upp á gæslu fyrir börn í **1.-4. bekk** og leikskólabörn frá kl. **14:00-16:00** í samstarfi við leikskólann **Hólabæ**. Verðskrá fyrir gæslu tekur mið af gjaldskrá leikskólans og er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

**Námskeiðsgjald:** 2.000 kr. á dag - innifalið úr léttar veitingar, frjáls aðgangur að ávöxtum og kaffihressing.

**Hádegismatur:** Foreldrar geta valið hvort börnin fái hádegismat í skólanum (560 kr. máltíðin) eða komi með nesti **að heiman** (ekki til upphitunar).

## **Námskeiðsgjöldin í fljótu bragði:**

- 1. vika (13.-14.08., kl. 9-14): 4.000 kr. (hádegismatur: 1.120 kr.)
- 2. vika (18.-21.08., kl. 9-14): 8.000 kr. (hádegismatur: 2.240 kr.)
- Alls: 12.000 kr. (hádegismatur: 3.360 kr.)**

Námskeiðsgjöld eru innheimt vikulega og eru gjaldfærð þótt börn geti ekki mætt á ákveðnum dögum (t.d. vegna veikinda eða fjarveru).



# Námskeiðin:

**Reiðnámskeið** - Á reiðnámskeiðinu fá þátttakendur að kynnast hestum á öruggan og skemmtilegan hátt.

Námskeiðið hentar bæði byrjendum og þeim sem hafa áður stundað reiðmennsku. Áhersla er lögð á sætisæfingar og stutta reiðtúra, ásamt kennslu í umgengni við hesta og aukinni hestavitund. Lögð er áhersla á jákvæða upplifun og að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur í sinni reiðþróun. Gott er að mæta í þægilegum fötum og vera í góðum strigaskóm.

**Náttúruupplifun fyrir alla** – Þátttakendur fá að njóta fjölbreyttra útivistar daga þar sem meðal annars verður fuglaskoðun með kík, fjölbreyttir útileikir og varðeldur, gönguferðir í fallegu náttúruumhverfi, lautarferð með nesti og samvera með skemmtileg verkefni. (Mikilvægt að klæða sig eftir veðri)

**Sundnámskeið:** Þátttakendur munu læra fjölbreyttar sundaðferðir, bæta upphalds sundstílinn sinn og kynnast alls kyns skemmtilegum sundleikjum! Námskeiðin eru sérsniðin að aldri og getu barns. Ósynd börn geta líka tekið þátt í fjörugum og öruggum leikjum í lauginni. (Mikilvægt er að muna að koma með sundfatnað og handklæði)

**Íþróttir og leikir:** Námskeiðið er fjölbreytt og spennandi, með miklu úrvali af íþróttum og leikjum fyrir alla! Við bjóðum upp á bæði innan- og útivistar þar sem þátttakendur fá meðal annars að prófa bogfimi, fimleika, útileiki, boltaleiki, parkour og liðaleiki þar sem þau þurfa að vinna saman. Það er eitthvað fyrir alla – hvort sem þú elskar að hreyfa þig, keppa eða bara hafa gaman! (Mikilvægt að muna eftir íþróttafötum og íþróttaskóm)

**List og föndur** - Börnin fá tækifæri til að kanna fjölbreyttar listgreinar og föndur þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín. Það sem við gerum er til dæmis að mála litríkustu myndir, teikna hugmyndaríkar verur og skapa einstök listaverk með andlitsmálningu. Auk þess bíða þeirra fjölbreytt verkefni sem kveikja í ímyndunaraflinu og gera hverja stund litríkari og skemmtilegri.

**Auk dagskrárinnar verður einnig tími fyrir skemmtilega innileiki og við erum alltaf opin fyrir nýjum og spennandi hugmyndum frá börnunum!**





# Pau sem koma að námskeiðunum:



## Marie-Susann Zeise

Marie er tómstundafulltrúi og sér um utanumhald og skipulagningu námskeiðanna. Hún mun einnig starfa með börnunum á námskeiðunum og hlakkar sérstaklega til skapandi vinnu. Marie elskar náttúru og að finna upp nýjar hugmyndir.

## Sunneva Rún Hlynsdóttir

Sunneva starfar í Reykhólaskóla og vinnur jafnframt í sundlauginni. Hún hefur æft fótbolta allt sitt líf og brennur fyrir íþróttum. Útivera og hreyfing eru henni hugleikin. Sunneva er þekkt fyrir glaðværð sína og skemmtilegan húmor- sannkallaður gleðigjafi í starfi og leik.



## Styrmir Sæmundsson

Styrmir er formaður ungmennafélagsins Aftureldingar og þjálfari á námskeiðunum. Hann er varðstjóri í slökkviliðinu, bóndi og hestamaður. Honum finnst gaman að hlaupa upp á fjöll. Styrmir er mikill húmoristi og segir pabba-brandara á hverjum einasta degi.



# Pau sem koma að námskeiðunum:

## Hafrós Huld Einarsdóttir

Hafrós þekkja flestir þar sem hún búin að vinna á leikskólanum í nokkur ár og hefur einnig unnið aðeins í frístund og var á leikjanámskeiðunum fyrir tveimur árum. Hafrós elskar hundana sína og á fullt af hundum og allskonar dýrum í sveitinni sinni í fremri Gufudal.



## Sjöfn Sæmundsdóttir

Sjöfn er menntaður reiðkennari frá Hólaskóla og er í kennaranámi hjá Háskólanum á Akureyri. Sjöfn er hress og skemmtileg og hlær hátt og mikið. Hún mun sjá um reiðnámskeiðið á námskeiðunum.

## Freyja

Freyja starfar bæði í skólanum og frístund. Hún hefur áhuga á listsköpun, útivist og alls kyns spilum. Freyja verður með í stuðningi fyrir yngsta stig og kemur inn með hlýju, sköpunargleði og jákvæða nærveru.





# Skráning og fyrirkomulag:

Foreldrar barna með lögheimili í Reykhólahreppi geta sótt um tómstundastyrk upp í námskeiðsgjald. Umsóknareyðublað má nálgast á vef sveitarfélagsins.

Skráning fyrir sumarnámskeið berist til tómstundafulltrúa á netfangið **marie@reykholar.is**. Þar þarf að koma fram:

- Nafn og aldur barns
- Nafn og kennitala greiðanda
- Þær vikur sem barn mun taka þátt
- Skráning í hádegismat (ef óskað er eftir því)
- Skráning í gæslu eftir námskeið (ef óskað er eftir því)
- Símanúmer foreldra
- Foreldrar barna í dreifbýli geta óskað eftir að fá akstur fyrir börnin sín á námskeiðin. Athugið að börn með lögheimili í sveitarfélaginu hafa forgang að þessari þjónustu.

Börn sem búa utan sveitarfélags eru velkomin á sumarnámskeið Reykhólahrepps, en hafa þarf í huga að börn sem þurfa aukinn stuðning inn í skólastarf þurfa líka aukinn stuðning á sumarnámskeið. Útfærslur stuðnings er unnið í samvinnu við foreldra/forráðamenn og lögheimilissveitarfélag.

**Skráningarfrestur er til sunnudags 10. ágúst.**

Allar nánari upplýsingar veitir **Marie-Susann Zeise** tómstundafulltrúi á netfanginu **marie@reykholar.is** og í síma **857-9059**.



# Gott að hafa í huga:

- Börn í dreifbýli geta fengið akstur á námskeiðin, leikskólabörn geta nýtt þennan akstur líka, aksturinn tekur mið af námskeiðinu frá kl. 9:00-14:00.
- Við förum út í allskonar veðrum og gott að miða klæðnað við það.
- Gott er að vera með aukaföt í tösku, sérstaklega auka sokkapör.
- Vinsamlega athugið leiðbeiningar um fatnað á einstökum námskeiðum (íþróttir, sund og hestaferðir).
- Gott að vera búinn að bera sólarvörn á börnin áður en þau koma. Derhúfur geta komið að góðum notum í sólinni til að hlífa augunum.
- Vinsamlegast látið Marie vita ef barn sem er skráð forfallast (sími: 857-9059).

